# ✉️ Re: beiðni um umsögn vegna myndatöku á ref innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs

| | |
|---|---|
| Búið til | 3.6.2024 16:18:07 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 3.6.2024 16:17:58 |
| Tilheyrir | 202405-0054 - Beiðni um umsögn vegna myndatöku á ref innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs |

---

## Efni

Re: beiðni um umsögn vegna myndatöku á ref innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs

| Upplýsingar | | Vinnsla | |
|---|---|---|---|
| Sent | 3.6.2024 16:17:58 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 4.2.3 Umsagnir um skipulagstillögur | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | thordis.v.bragadottir@umhverfisstofnun.is |
| Bcc | Anna.Sveinsdottir@ni.is |

## Innihald

Komdu sæl,

Tilvísun í mál nr. 202405-0054.

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfisstofnun dags. 29 maí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna umsóknar um leyfi til að mynda refi innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs.

Í umsókninni kemur fram að viðvera hópsins sé 4-5 klst. innan svæðisins í einn dag, annaðhvort 10. eða 11. júní 2024. Um er að ræða yfirlitsmyndatöku með flygildi, myndatökur af refum á víðavangi og refum með yrðlinga við greni, eftir því sem möguleiki er á. Jafnframt er það tekið fram að landvörður þjóðgarðsins muni veita leiðsögn og aðstoða kvikmyndateymið á staðnum.

Í tilfellum sem þessum leggur Náttúrufræðistofnun til eftirfarandi:

1. Ef verið er að fylgjast með ref á hreyfingu, ætti helst að forðast að elta dýrið til að ná mynd af ferðum þess. Ef það telst nauðsynlegt skal það gert hávaðalaust og af yfirvegun.
2. Ef dvalið verður við greni með yrðlingum er mikilvægt að hafa í huga að refagreni eru friðuð á grenjatíma samkvæmt lögum nr. 64/1994. Sé farið að grenjum á þeim tíma þarf að gæta þess að fara hljóðlega og að fólkið haldi hópinn á afmörkuðu svæði en dreifi ekki úr sér eða færi sig til. Gæta þarf að því að grendýrin hafi möguleika á að komast hindrunarlaust til og frá greninu til að sinna yrðlingunum. Ekki ætti að fara nær greninu en 40 metra. Ef grendýrin sýna merki óróleika og/eða

gefa frá sér varnarhljóð, þarf fólkið að færa sig lengra frá greninu þar til dýrin virðast orðin róleg og sýna eðlilega hegðun.

Náttúrufræðistofnun telur óhætt að veita umrætt leyfi, á forsendum þeirrar lýsingar sem fylgir í umsókn, sé farið að ofangreindum tilmælum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection
.............................................................................................................
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (http://www.ni.is/)

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Þórdís Vilhelmína Bragadóttir - UST" <thordis.v.bragadottir@umhverfisstofnun.is>
**To:** "Náttúrufræðistofnun Íslands - NI" <ni@ni.is>
**CC:**
**Subject:** beiðni um umsögn vegna myndatöku á ref innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs
**Date:** 29.5.2024 15:59:57

Umhverfisstofnun hefur til afgreiðslu umsókn um leyfi til að mynda refi innan Snæfellsjökulsþjóðgarðs.

Umhverfisstofnun óskar umsagnar Náttúrufræðistofnunar vegna umsóknarinnar og hvort myndatakan eins og henni er lýst í umsókn sé líkleg til að hafa neikvæð áhrifa á refin. Gögn málsins er að finna í viðhengi

Þess er óskað að umsögnin berist eigi síðar en 4. júní 2024

**Bestu kveðjur, Best regards**
Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur, Advisor
Svið náttúruverndar, Department of Nature Protection Areas

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Phone: +354 591 2000
www.ust.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ust.is%2F&data=05%7C02%7Cni%40ni.is%7Cba5498c67bc740e40cd608dc7ff84299%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638525951973861070%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=32wRXkZftDc6PGX3jLp%2Bd1q5uGl8qmlFGEqEGn%2F5rno%3D&reserved=0)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: Http://www.ust.is/disclaimer (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ust.is%2Fdisclaimer&data=05%7C02%7Cni%40ni.is%7Cba5498c67bc740e40cd608dc7ff84299%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638525951973874383%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWIjoiMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzIiLCJBTiI6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=YyfmMD7nY4DMuk4GTDiIkcPdbfc4%2FK5S3rKUXq9z9Uo%3D&reserved=0)